

4. gr.

Umhverfissráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og hafa stundað rannsóknir sem tengjast fræðisviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Hann skal í samráði við stjórn annast stefnumótun og áætlanagerð og hafa umsjón með fjáröflun.

Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

5. gr.

Umhverfissráðherra skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa með höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu fer samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Umhverfissráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

6. gr.

Umhverfissráðherra getur, að fengnum tillögum samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi
vélfraeðinga, vélstjóra og vélavara á íslenskum
skipum, sbr. lög nr. 60/1995.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „1. september 1996“ í 2. mgr. A-liðar ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. maí 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Halldór Blöndal.